

6. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum á árunum 1990–1993 framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila eins og mælt er fyrir í fjárlögum.

7. gr.

Verði ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar, getur hvor aðili um sig vísað málinu til úrskurðar sérstakrar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Ósk um slíkan úrskurð verður að koma fram fyrir 1. janúar 1992.

8. gr.

Menntamálaráðherra skipar nefnd er úrskurða skal ágreiningsmál er upp kunna að koma samkvæmt reglugerð þessari (sbr. 7. gr.). Nefndin skal skipuð 3 mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu, einum tilnefndum af sambandi íslenskra sveitarfélaga og oddamaður tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Meirihluti ræður úrslitum mála. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 75. gr. laga nr. 87/1989, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 14. desember 1990.

Svavar Gestsson.

Örlygur Geirsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 408/1988, um merkingu neytenda-
umbúða fyrir matvæli og aðrar neysluvörur.**

1. gr.

Við 7. gr. bætist nýr tl. er verði 2. tl. og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 7. gr. getur Hollustuvernd ríkisins heimilað umbúdamerkingar á öðrum tungumálum, þegar ekki leikur vafi á um hvaða vörutegund er að ræða og merking telst ekki á neinn hátt ófullnægjandi eða villandi fyrir neytendur. Í slíkum tilvikum skal innflytjandi eða umboðsaðili sækja um leyfi til Hollustuverndar ríkisins, og veiti stofnunin slíkt leyfi, gildir það eingöngu fyrir umsækjanda og þá vöru sem sótt er um leyfi fyrir.

2. gr.

4. tl. í 28. gr. 1. tl. falli niður og 5. tl. verði 4. tl.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.